



Reykjavík, 5. júní 2024

VEL24040038

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar og Pírata um húsnæði fyrir starfsemi Mánabergs

Þann 17. apríl 2024 lögðu fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn:

Meirihlutinn í velferðarráði óskar eftir því að velferðarsvið greini frá því hvers vegna ekki hefur enn komið tillaga frá sviðinu í samræmi við tillögu sem samþykkt var 2. nóvember 2022 þar sem sviðinu í samráði við Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar var falið að finna hentugra og hagkvæmara húsnæði fyrir starfsemi Mánabergs til að brúa bilið þar til framtíðarhúsnæði sem er á fjárhagsáætlun er tilbúið.

Svar:

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur verið í stöðugu sambandi við Félagsbústaði og Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar varðandi leit að hentugu húsnæði fyrir vistheimilið Mánaberg. Fundið hefur verið húsnæði í austurhluta Reykjavíkur sem uppfyllir kröfur sviðsins og Barnaverndar en hverfisskipulag hefur meðal annars staðið í vegi fyrir kaupum á eigninni þ.e. bílastæðamál sem og umfang starfseminnar innan íbúðahverfisins. Velferðarsvið kom með tillögur til umhverfis- og skipulagssviðs um breytingar á hverfisskipulagi sem auðveldar sviðinu að opna starfsemi í hverfum borgarinnar. Umhverfis og skipulagssvið hefur unnið að breytingum á hverfisskipulagi og mun innleiða það í áföngum í hverfum borgarinnar á næstunni.

Velferðarsvið fékk síðan upplýsingar frá Félagsbústöðum um að ef valin væri tímabundin lausn fyrir Mánaberg þá þyrfti sú lausn að vera til 6-10 ára vegna kostnaðar við breytingar á húsnæðinu. Breyta þarf húsnæðinu til að það henti starfsemi Mánabergs og er sá kostnaður áætlaður 49,7 m.kr., sjá meðfylgjandi svarbréf Félagsbústaða til Barnaverndar, dags. 11. apríl 2023.

Húsnæði af þessu tagi fellur í raun út fyrir kjarnastarfsemi Félagsbústaða en Reykjavíkurborg gerir þær kröfur að starfsemi félagsins sé sjálfbær. Félagsbústaðir geta því einungis komið að þessu verkefni ef fjárhagsgrunnur þess er tryggður.

Þá hefur velferðarsvið verið í sambandi við Eignaskrifstofu varðandi mögulegar lausnir og er staðan sú að Eignaskrifstofa kannar mögulegt leiguverð á eigninni. Ennfremur mun þetta þýða umtalsvert hærri leigu fyrir Mánaberg og er ekki gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun velferðarsviðs, en um er að ræða mismun upp á um 10,9 m.kr.



Reykjavík



Samhliða verkefninu hefur verið unnið að framtíðarlausn fyrir Mánaberg þ.e. þarfagreiningu og forhönnun vegna byggingar húsnæðis að Birkihlíð en verkefnið hefur verið sett á bið vegna kostnaðar.

Fylgiskjal:

Bréf Félagsbústaða til Barnaverndar Reykjavíkur, dags. 11. apríl 2023.



Reykjavík